

JADARSBAKKAR, AKRANESI
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI AKRANESS 2021-2033
ENDURSKOÐUN DEILISKIPULAGS
SKIPULAGSLÝSING
MAÍ 2023



Skipulags- og umhverfissvið
Akraneskaupstaðar



Efnisyfirlit

2	Yfirlit	3
3	Viðfangsefni	3
3.1	Markmið	3
3.2	Viðfangsefni	4
3.3	Breyting á aðalskipulagi	4
3.4	Deiliskipulag.....	4
4	Forsendur	5
4.1	Staðhættir.....	5
4.2	Aðalskipulag Akraness 2021-2033.....	5
4.3	Deiliskipulag.....	7
4.4	Þróunarsvæði B.....	7
4.5	hugmyndasamkeppni um svæðið.....	8
5	Mat á umhverfisáhrifum	9
5.1	Efni umhverfismatsskýrslu	9
6	Skipulagsferli	9
6.1	Lýsing	10
6.2	Umsagnaraðilar.....	10
6.3	Auglýsing tillagna og afgreiðsla.....	10
6.4	Skil ábendinga og athugasemda við lýsingu.....	12

Akraneskaupstaður

Skipulags- og umhverfissvið

Dalbraut 4

300 Akranes

Kt: 410169-4449

Sími: 433 1000

2 YFIRLIT

Bæjarstjórn Akraness áformar endurskoðun á skipulagi Jaðarsbakka með það að markmiði að byggja upp miðstöð lýðheilsu, en þar er m.a. átt við byggingu hótels, baðlóns og íþróttaaðstöðu, auk skoðun á möguleikum þess að þetta byggð. Lögð verður áhersla á íþróttir og náttúru á svæðinu með skýrri tengingu við sjóinn og Langasand.

Í skipulagslýsingu þessari er gerð grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulagi svæðisins. Tillögurnar verða kynntar og auglýstar samtímis. Í lýsingu koma fram upplýsingar um forsendur, stefnu, helstu viðfangsefni og fyrirhugað skipulagsferli.

Svæðið sem um ræðir er rúmlega 17,5 hektarar.

Með framlagningu og kynningu lýsingar er óskað eftir því að umsagnaraðilar og almenningur leggi fram sjónarmið og ábendingar í upphafi verks, sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins.

3 VIÐFANGSEFNI



Mynd 1: Skipulagssvæðið.

3.1 MARKMIÐ

- Að byggja upp miðstöð lýðheilsu, með áherslu á íþróttir, ferðaþjónustu og náttúru á Jaðarsbökkum með skýra tengingu við sjóinn og Langasand.
- Að byggja upp hótél, baðlón og heilsulind.
- Að skoða möguleika á þéttingu byggðar.
- Aðgengi að svæðinu verði bætt og staðarandi svæðisins efldur. Aðgengi verði fyrir alla óháð hreyfigetu.
- Skipulagið verði unnið með virku samráði við íbúa Akraneskaupstaðar.
- Horft verði til aðkomu að svæðinu frá Langasandi, Sementsreit, Garðabraut, Innesvegi og Sólmundarhöfða og þess gætt að það tengist vel innbyrðis sem ein heild.
- Svæðið fái fallegt heildaryfirbragð þannig að hlutverk þess með fjölbreyttri starfsemi styðji vel við meginmarkmið verkefnisins.

- Unnið verði að efla staðaranda svæði með tilliti til heilsu og vellíðan.
- Unnið verður með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna m.a. um efnisþættina heilsa og vellíðan, sjálfbærar borgir og samfélög og aðgerðir í loftslagsmálum.

3.2 VIÐFANGSEFNI

- **Aðkomuleiðir**, gatnakerfi og stígakerfi.
 - Aðkoma að íþróttasvæði og bílastæði.
 - Aðkoma að hóteli, baðlóni og lýðheilsumiðstöð.
 - Aðgengi almennings að Langasandi og Sólmundarhöfða.
 - Samfellt kerfi hjóla-og göngustíga.
 - Áningarstaðir almennings á svæðinu.
- Skipulag **íþróttamannvirkja** með tilliti til núverandi mannvirkja og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.
 - Skoðuð verði framtíðarstaðsetning á aðalknattspyrnuvelli (gervigras) og stúku.
 - Skoðaðar verða breytingar á aðalknattspyrnuvelli, snúningur vallar eða tilfærsla innan svæðis.
 - Æfingarvellir verði skilgreindir.
- Framtíð **sundlaugar**.
 - Skoða m.a. stækkunarmöguleika og aðrar breytingar í tengslum við framtíð sundlaugamála á Akranesi.
- Finna **lýðheilsumiðstöð, hóteli, baðlóni** og tengdri starfsemi stað innan deiliskipulagssvæðisins.
 - Starfsemin tengist sem best bæði innbyrðis og við umhverfi sitt.
 - Rekstur hótels og baðlóns byggist á sterkum tengslum við íþrótt- og heilsutengda starfsemi í bænum og á Jaðarsbökkum.
 - Sterk og góð tengsl við Langasand og sjóinn eru nauðsynleg.
 - Gert verði ráð fyrir byggingu með allt að 100 herbergjum (líklegast byggt í áföngum), veislusölum, veitingastað, líkamsrækt, alhliða lýðheilsumiðstöð og aðstöðu baðlóns.
 - Lögð verður áhersla á að byggingar hafi látlaust og fágað yfirbragð, verði vel tengdar sín á milli og falli vel að umhverfi sínu.
 - Stækkunarmöguleikar þurfa að vera til staðar.
- Skoðaðir verði möguleikar á **íbúðauppbyggingu** á svæðinu.
 - Skoðuð íbúðauppbygging á svæðinu og hvar á skipulagssvæðinu væri möguleiki á íbúðabyggð í sátt við núverandi og komandi nýtingu svæðisins.
 - Taka þarf tillit til svæðisins í heild hvað varðar stærð og umfang.
- Styrkja **aðgengi almennings** og tryggja aðgengi allra að Langasandi og Guðlaugu m.a. með stígum, áningarstöðum og annarri aðstöðu.
- Skoða möguleika á **samtengingu** og **sambættingu** hótels, lýðheilsumiðstöðvar, baðlóns og sundlaugar.
- **Líkamsræktaraðstaða** verði á svæðinu innan núverandi mannvirkja eða utan.
- Mótað verði svæði fyrir stærri **viðburði** (sbr. núverandi nýtingu á Aggapalli og brekku).
- Aðkoma, aðstaða og þjónusta fyrir **Guðlaugu**, núverandi baðlaug á svæðinu.
- **Samstarf** við bæði Veitur og Vegagerðina um forðamál svæðis og sjóvarnargarða.

3.3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Skilgreina þarf breytta notkun og/eða nýtingu annað hvort með nýjum landnotkunarreitum eða með breyttum sérákvæðum núverandi reita. Ekki eru á þessu stigi forsendur til þess að birta ólíka kosti á aðalskipulagsbreytingum.

3.4 DEILISKIPULAG

Deiliskipulag Jaðarsbakka verður endurskoðað og jafnvel gerðar á því grundvallarbreytingar hvað snertir landnotkun og nýtingu sbr. kafla 2.2.

4 FORSENDUR

4.1 STAÐHÆTTIR

Langisandur: Um er að ræða u.þ.b. eins kílómetra langa strönd sem er hluti af strandlengju Akraness við Faxaflóa. Langisandur nær inn að Sólmundahöfða í austri. Handan höfðans er lítil vík sem heitir Leynir og fjaran Leynisfjara.

Engar ár eða lækir renna á Langasand og því ekkert ferskvatn á svæðinu. Affall af íþróttasvæðinu er leitt út á sandinn og er það eina vatnið sem kemur af landi en það hefur áður sigið í gegnum gras og ofan í jarðveginn. Núverandi affallslagnir frá íþróttasvæðinu duga ekki lengur til að veita öllu vatni af svæðinu. Er það því nokkuð blautt og stundum ónothæft þess vegna. Umhverfi Langasands hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina og er nú grjótnargarður undir Jaðarsbökkum meðfram endilöngum sandinum. Ofan við grjótnargarðinn er mikið notaður malbikaður stígur sem þarfnast viðhalds og við hann eru bekkir og hlaðnir setbollar.

Þyrlupallur: Á vesturhluta skipulagssvæðisins, vestan megin við aðalvöll knattspyrnufélagsins, er illa nýtt svæði, sem var áður notað sem þyrlupallur en hefur undanfarið nýst fyrir ýmsa viðburði á vegum Akraneskaupstaðar s.s. þrettándabrennu og brekkusöng Írskra daga. Verið er að finna nýja staðsetningu utan skipulagssvæðis.

Guðlaug: Guðlaug var tekin í notkun 8. desember 2018. Glæsilegt mannvirki á þremur hæðum, miðsvæðis í bakkanum ofan við sandinn á bak við áhorfendastúku íþróttavallarins. Guðlaug var hönnuð af Basalt arkitektum og Mannviti verkfræðistofu. Laugin hefur notið gríðarlegra vinsælda og er gott dæmi um hversu mikil áhrif góð hönnun hefur á aðsókn. Guðlaug hefur hlotið fjölda viðurkenninga og nú síðast verið tilnefnd til Mies van der Rohe-verðlauna Evrópusambandsins 2022. Við lagina hefur verið sett upp búningaástaða til bráðabirgða undir áhorfendastúku á Aggapalli ásamt húsi með salerni og starfsmannaaðstöðu. Aggapallur var byggður sem sólpallur við bakhlíð áhorfendastúkunnar á Akranesvelli ásamt litlu húsi og annarri aðstöðu árið 2011.


Íþróttasvæðið: Á Jaðarsbökkum er útisvæði Knattspyrnufélags Akraness. Þar er aðalvöllur félagsins með áhorfendastúku og grasbrekku fyrir áhorfendur að norðanverðu. Knattspyrnuhöllin (Akraneshöll) er á svæðinu og útiæfingarsvæði austan megin við höllina sem er notað af öllum flokkum félagsins frá maí til september. Þá eru einnig haldin mót á svæðinu svo sem Norðurlásmótið í fótbolta sem fram fer þriðju helgina í júní ár hvert. Sunnan megin við Akraneshöll er útihreystivöllur og hoppubelgur sem almenningur nýtir.

Krossvíkurviti: Vitinn var reistur sem innsiglingarviti fyrir Akraneshöfn. Hann er steinsteyptur með viðbyggðu anddyri ásamt vitahúsi. Vitinn var upphaflega lýstur með gasi en var rafvæddur árið 1957. Árið 1986 var vitinn lagður af sem hafnarviti en breytt í leiðarljós sem markar aðra af tveimur innsiglingum að Akraneshöfn. Hæð vitans er 6,5 metrar og er ljóshæð yfir sjávarmáli 8 metrar og sjónlengd 10 sjómílar.

Bláfáninn: Þann 20. júní 2013 fékk Langisandur í fyrsta skipti umhverfissvottun Bláfánans og er stefna Akraneskaupstaðar að viðhalda vottuninni sem endurnýja þarf árlega. Bláfánavottun er alþjóðlegt umhverfismerki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun umhverfis hafna og baðstranda. Langisandur er ásamt Bláa lóninu einu baðstrendurnar á Íslandi með vottunina. Fáninn er tákn um að svæðið uppfylli strangar kröfur um umhverfismál og öryggismál.

4.2 AÐALSKIPULAG AKRANESS 2021-2033

Skipulagssvæðið nær til fjögurra landnotkunarreita aðalskipulagsins auk hverfisverndarsvæðis á Langasandi. Langisandur er einnig skilgreindur sem strandsvæði en um þau eru ekki sett sérstök ákvæði í aðalskipulaginu.



Mynd 2: Gildandi Aðalskipulag Akraness 2021-2033.

4.2.1 LANDNOTKUNARREITIR OG SÉRÁKVÆÐI:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Sérákvæði
HV-201	22,0	Langisandur, Sólmundarhöfði	Hverfisverndarsvæði	Heimilt að setja upp baðlaug og minni háttar byggingar með aðstöðu (snyrtingar, sturtur, búningsklefar) vegna baðstrandarinnar á Langasandi. Svæðið er innan þróunarsvæðis B og breytingar hugsanlegar sbr. kafla 3.21.2.
OP-202	0,8	Jaðarsbakkar	Óskipulagt, óbyggt	Útivistarsvæði. Svæðið er innan þróunarsvæðis B og breytingar hugsanlegar sbr. kafla 3.21.2.
ÍB-203	5,0	Milli Jaðarsbrautar og Garðabrautar.	Svæðið einkennist af stórum sambýlishúsum og hefðbundnum fjölbýlishúsum.	Sjá ákvæði um fullbyggð svæði í kafla 3.1.1.
ÍP-206	13,0	Íþróttasvæði á Jaðarsbökkum	Aðalíþróttasvæði bæjarins, fótboltavellir, íþróttahús og sundlaug.	Íþrótt og útivistarsvæði. Gert er ráð fyrir uppbyggingu allhliða íþróttamannvirkja og þjónustu skv. deiliskipulagi. Svæðið er innan þróunarsvæðis B og breytingar hugsanlegar sbr. kafla 3.21.2.
AF-207	0,1	Baðlaug á Langasandi, Guðlaug.	Fullgerð.	Baðlaug. Búningsklefar og tilheyrandi þjónusta verða innan svæðis 206-ÍP. Svæðið er innan þróunarsvæðis B og breytingar hugsanlegar sbr. kafla 3.21.2.

4.3 DEILISKIPULAG

Gildandi deiliskipulag fyrir Jaðarsbakka var unnið af ARKÍS og afmarkast skipulagssvæðið af Innesvegi til norðausturs og Langasandi til suðvesturs. Til norðvesturs afmarkast svæðið við gatnamót Jaðarsbrautar og Faxabrautar og til suðausturs að lóð dvalarheimilisins Höfða og nefnist þetta svæði Jaðarsbakkar. Stærð skipulagssvæðis 17.3 ha, að meðtöldum Langasandi sem er um 2.2 ha að flatarmáli. Deiliskipulagið nær yfir landnotkunarreiti ÍB-206 og OP-202 í aðalskipulagi.

Ekkert deiliskipulag hefur verið gert fyrir landnotkunarreit ÍB-203 en hluti þess er innan skipulagssvæðisins sem skipulagslýsingin nær til.



Mynd 3: Deiliskipulag Jaðarsbakka.

Deiliskipulag Jaðarsbakka verður unnið í samstarfi við Ísold fasteignafélag, Íþróttabandalag Akraness (ÍA) og Knattspyrnufélag ÍA (KFÍA). Allt svæðið liggur undir og verður í þessari verkefnalýsingu fjallað um markmið og viðfangsefni skipulagsins.

Að skipulagssvæðinu liggja deiliskipulagssvæði Sementsreits, Grundaskóla við Víkurbraut og Sólmundarhöfða. Ekki er gert ráð fyrir að deiliskipulag Jaðarsbakka hafi áhrif að aðliggjandi skipulagsáætlanir.

4.4 ÞRÓUNARSVÆÐI B

Skipulagssvæðið sem skipulagslýsing þessi á við er innan þróunarsvæðis B, sem afmarkað er í Aðalskipulagi Akraness 2021-2033.

4.4.1 ÞRÓUNARSVÆÐI B, LANGISANDUR – LEYNIR

Þróunarsvæði B er rúmlega 30 hektarar að flatarmáli. Stór hluti þess er innan hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi. Það tekur yfir útivistarsvæði frá Leynisfjöru um Sólmundarhöfða og Langasand að Faxabraut, aðliggjandi landnotkunarreiti, sem eru íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum (ÍB-206), íbúðarbyggð á Sólmundarhöfða (ÍB-209 og 210), hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði (S-208), og nær inn á aðliggjandi fjölbýlishúsalóðir við Garðabraut, Höfðabraut og Jaðarsbraut.

Haldin var hugmyndasamkeppni um nýtingu svæðisins 2021. Unnið verður að þróunar- og skipulagsáætlunum fyrir svæðið á næstu misserum í framhaldi af niðurstöðu samkeppninnar.

4.5 HUGMYNDASAMKEPPNI UM SVÆÐIÐ

Haldin var hugmyndasamkeppni árið 2021 um nýtingu skipulagssvæðisins. Þátttaka í samkeppninni var mjög góð og voru þrjú teymi dregin í forval, þetta voru teymin April arkitekter, Kanon Arkitektar og Landmótun sf. ásamt Sei Stúdíó.

Lögð var áhersla á virkt samráð við íbúa í tengslum við samkeppnina. Vegna Covid-19 heimsfaraldursins var ekki hægt að hafa hefðbundið samráð í formi kynningarfundar heldur var útbúin rafræn viðhorfskönnun um þarfir, upplifun, og framtíðarsýn íbúa um svæðið. Fengu íbúar þannig tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós og upplýsa um hverjar þarfir og áherslur þeirra væru varðandi svæðið. Niðurstöður könnunarinnar voru síðan hluti af fylgigögnum með samkeppnislýsingunni. Í ágústmánuði 2021 voru tillögur teymanna kynntar opinberlega og sett fram könnun meðal íbúa þar sem þeir voru beðnir um að draga fram kosti hverrar tillögu sem dómnefnd gæti haft til hliðsjónar við ákvörðun sína um vinningstillögu. Úrslit hugmyndasamkeppninnar voru síðan birtar á vef Akraneskaupstaðar 24. september 2021.

Í skipulagsvinnu nú verður horft til hugmynda sem fram komu í samkeppninni ásamt efni frá samráði við íbúa.

4.5.1 ÚRDRÁTTUR ÚR NIÐURSTÖÐU DÓMNEFNDAR

Dómnefnd þótti áberandi að allar tillögurnar væru unnar í takt við leiðarljós og markmið samkeppninnar. Eftirtektarvert var að skoða allar tillögurnar samhliða og sjá hvað þær voru ólíkar og allar metnaðarfullar. Langisandur er svæði sem er í eigu íbúa á Akranesi og er það einlægur vilji Akraneskaupstaðar að halda áfram uppbyggingu á því svæði í sátt og samlyndi íbúa og náttúru. Hugmyndir tveggja teyma um þéttingu byggðar voru helst til of miklar en dómnefnd var sammála um að slík uppbygging væri álitlegur valkostur og þyrfti að útfæra betur með framangreind atriði í huga.



Mynd 4: Skýringarmynd úr verðlaunatillögu.

Verðlaunatilagan var unnin af Landmótun og Sei Stúdíó. Hún og aðrar tillögur í samkeppninni verða hafðar til hliðsjónar í áframhaldandi þróunar- og skipulagsvinnu á Jaðarsbökkum.

5 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Öll skipulagsvinna fellur undir lög um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021. Við gerð breytingartillagna aðalskipulags og deiliskipulags verða unnar umhverfismatsskýrslur þar sem gerð verður grein fyrir líklegum áhrifum breytinganna á umhverfið eftir því sem við á.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar skal a.m.k. koma fram:

- a) yfirlit yfir efni viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- b) lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum,
- c) lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosta,
- d) lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á,
- e) samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli á upplýsingum í a–d-lið,
- f) nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu.

Óskað er samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismatsskýrslu.

5.1 EFNI UMHVERFISMATSSKÝRSLU

Gerð verður grein fyrir eftirtöldum þáttum í umhverfismatsskýrslu skipulagsbreytinganna.

5.1.1 YFIRLIT

Yfirlit yfir verkefnið.

5.1.2 MAT Á LÍKLEGUM UMHVERFISÁHRIFUM

Umhverfisþættir sem meta þarf eða verða líklega fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsins:

- Landslag og ásýnd. Bæjarmynd
- Yfirborðsvatn, grunnvatn
- Menningarminjar
- Náttúruminjar
- Heilsa og öryggi
- Byggð og efnisleg verðmæti
- Útivist

Við mat á umfangi áhrifa skipulagsbreytinga á umhverfið verður einnig tekið mið af þróun umhverfisþátta án framfylgdar breyttra áætlana, þ.e. þróun umhverfissins miðað við óbreytta stefnu aðalskipulags og deiliskipulags. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum skipulagsbreytinga við aðrar áætlanir, ef slíkt á við.

Vægi umhverfisáhrifa verða flokkuð í jákvæð áhrif, neikvæð áhrif, óviss áhrif og áhrif háð útfærslu.

5.1.3 RAUNHÆFIR VALKOSTIR

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um valkostagreiningu.

5.1.4 MÓTVÆGISÁÐGERÐIR OG VÖKTUN

Við gerð skipulagsins skal meta hvort viðhafa þurfi mótvægisáðgerðir gagnvart nálægri byggð.

5.1.5 SAMANTEKT

Samantekt umhverfismatsskýrslu verður unnin við verklok.

5.1.6 AÐRAR UPPLÝSINGAR

Aðrar upplýsingar verða lagðar fram eftir því sem þörf krefur við gerð umhverfismatsskýrslu.

6 SKIPULAGSFERLI

Farið verður með breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og breytt deiliskipulag skv. 41. gr. skipulagslaga.

6.1 LÝSING

Með framlagningu og kynningu lýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við móttun breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi áður en gengið verður frá skipulagstillögum til kynningar og auglýsingar.

6.2 UMSAGNARAÐILAR


- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands, minjavörðurinn á Vesturlandi
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Orkuveita Reykjavíkur/Veitur ohf.

6.3 AUGLÝSING TILLAGNA OG AFGREIÐSLA

6.3.1 KYNNING OG AUGLÝSING

Gengið verður frá skipulagstillögum með hliðsjón af ábendingum og athugasemdum, sem kunna að berast á kynningartíma skipulagslýsingar.

Eftir að umhverfis- og skipulagsráð og bæjarstjórn hafa afgreitt skipulagstillögurnar til auglýsingar verður tillaga að aðalskipulagsbreytingu send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Að þeirri yfirferð lokinni og að teknu tilliti til ábendinga stofnunarinnar ef ástæða þykir til verða tillögurnar auglýstar. Auglýsingatími og athugasemdafrestur verður 6 vikur. Að því loknu gengur umhverfis- og skipulagsráð frá skipulagstillögunum til bæjarstjórnar til samþykktar. Ef athugasemdir gefa tilefni til meiri háttar breytinga eða breytinga á grundvallaratriðum skipulagstillagnanna skulu þær auglýstar að nýju.



Mynd 5: Skipulagsferli, skýringarmynd.

6.3.2 STAÐFESTING OG GILDISTAKA

Eftir samþykkt bæjarstjórnar verður aðalskipulagsbreytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar og auglýsir stofnunin gildistöku hennar. Gildistaka deiliskipulagsins verður auglýst þegar breyting á aðalskipulagi hefur verið staðfest. Stefnt er að gildistöku fyrri hluta 2024.

6.3.3 TÍMAÁÆTLUN

- | | |
|--|------------------|
| • Skipulagslýsing auglýst/kynnt | Máí 2023 |
| • Skipulagsvinna | Júní – Des. 2023 |
| • Samráð um drög að deiliskipulagi og aðalskipulagsbreytingu, kynningarfundur/opið hús | Sept. 2023 |
| • Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa skipulagstillögur | Okt. 2023 |
| • Tillaga að breyttu aðalskipulagi send Skipulagsstofnun til yfirferðar | Nóv. 2023 |
| • Skipulagstillögur auglýstar, 6 vikna athugasemdafrestur | Des. 2023 |
| • Skipulags- og umhverfisráð gerir tillögu um afgreiðslu | Jan. 2024 |
| • Bæjarstjórn afgreiðir/samþykkir skipulagstillögur (meiriháttar breytingar > auglýst aftur) | Feb. 2024 |
| • Breytt aðalskipulag staðfest | Feb. 2024 |
| • Nýtt deiliskipulag tekur gildi | Mars. 2024 |

6.4 SKIL ÁBENDINGA OG ATHUGASEMDA VIÐ LÝSINGU

Óskað er eftir sjónarmiðum, hugmyndum, ábendingum og athugasemdum í uppahafi verks. Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum, á vef Akraneskaupstaðar <http://www.akranes.is/skipulag-i-kynningu> og verður aðgengileg í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Dalbraut 4.

Þeir sem vilja leggja verkefninu lið á þann hátt skulu koma efni sínu skriflega til Skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar, Dalbraut 4, 300 Akranesi, eða á netfangið skipulag@akranes.is, merkt **Jaðarsbakkar**. Tilgreina skal nafn, kennitölu og heimilisfang í innsendum gögnum.

Tímastrestur fyrir ábendingar og athugasemdir er tilgreindur í auglýsingu og á vefsíðu Akraness.